

Nd.

275. Nefndarátt

um frumvarp til laga um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið á einu máli um það, að nauðsyn beri til að það nái fram að ganga, enda litur hún svo á, að það sje í samræmi við frv. til laga um skatt af fasteignum, er nú liggur fyrir þinginu og sennilegt er, að samþykkt muni verða. Aftur á móti telur nefndin, að með frumvarpi stjórnarinnar sje heldur langt gengið hvað skatthæðina snertir.

Þó nefndinni sje það ljóst, að þörf ríkissjóðs fyrir auknar tekjur sje svo brýn, að varhugavert sje, eins og nú er ástatt, að draga úr þeirri viðleitni að afla honum sem mestra tekna, þá hefir hún, eins og sjá má af breytingartillögum þeim, er hún leggur til að gerðar verði á frumvarpinu og hjer fara á eftir, horfið að því ráði, að lækka skatt þennan nokkuð, enda þær tillögur hennar í samræmi við áður gerðar tillögur hennar í sambandi við frv. til laga um fasteignaskatt, er nú liggur fyrir þinginu og telja má, sjerstaklega að því leyti, er húsin snertir, hliðstætt þessu frumvarpi.

Til þess að bæta að nokkru leyti upp þann halla, er verður af niðurfærslutillögu nefndarinnar, ef samþykkt verður, leggur hún til að taka lestagjald af smærri skipum en frumvarpið gerir ráð fyrir. Hversu miklu sá tekjuauki mundi nema, er ekki gott að segja um, allra síst svo óskeikult væri, því skýrslur þær, sem fyrir hendi eru og helst ætti að mega byggja á í því efni, eru ekki svo áreiðanlegar sem skyldi, enda slíkt mjög á reiki ár frá ári.

Nefndin hefir ekki viljað leggja til að taka lestagjald af þeim skipum, er væru neðan við 5 tonn, og telur hún það í samræmi við það, að samkvæmt fyrirhuguðum lögum um fasteignaskatt, er gert ráð fyrir að sleppa verðlittlum húsum og lóðum við skatt.

Það virðist nefndinni ekki viðeigandi að skattskylda þau skip, er talin væru algerlega ónothæf til sjóferða, eða af einhverjum öðrum ástæðum ekki væru notuð á gjaldárinu.

Tillaga nefndarinnar er að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

Í staðinn fyrir »12« komi:

5.

2. Við 4. gr.

Á eftir orðunum »fult gjald« komi:

Gjaldfrjáls eru þau skip, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. Við 5. gr.

Á eftir orðunum »fyrir 1 ár í senn« komi:

Þó sje það samþykkt í sameinuðu þingi með $\frac{2}{3}$ atkvæða.

Alþingi, 6. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Hákon Kristófersson,
framsögumaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson.

Þorl. Guðmundsson.

Þórarinn Jónsson.

Jakob Möller.